

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands (HNLFI), kt. 480269-6919, Grænumörk 10, Hveragerði, sem þjónustusali og xxx kt. xxxxxx-xxxx (hér eftir nefndir eigendur/íbúar), gera með sér svofelldan

Þjónustusamning:

1. Gildissvið o.fl.

- 1.1 Samningur þessi tekur til þjónustu HNLFI við eigendur/íbúa þjónustuíbúðar við Lækjarbrún nr. xx. HNLFI tekur að sér að annast og/eða veita, eftir atvikum nánar skilgreinda þjónustu fyrir íbúa Lækjarbrúnar nr. xx Veitt grunnþjónusta sbr. 2. gr. er innifalin í mánaðarlegu þjónustugjaldi skv. 3. gr. sem og sérstakri þjónustu skv. 4. gr.
- 1.2 Samningurinn er ótímabundinn og er ekki uppsegjanlegur af hendi eigenda/íbúa nema með samþykki HNLFI. Við síðari eigandaskipti er skilyrði, skv. þinglýstri kvöð á þeirri eign sem keypt er, að nýr eigandi gerist sjálfkrafa aðili að þjónustusamningnum og taki yfir öll réttindi og skyldur. Þjónustusamningurinn skal rækilega kynntur nýjum eiganda og skal honum sérstaklega gerð grein fyrir hvað í honum felst, sbr. þinglýst kvöð þar um.
- 1.3 Samningurinn felur í sér að eldri þjónustusamningur milli HNLFI og eigenda/íbúa verður felldur úr gildi. Eldri samningi skal aflýst um leið og samningi þessum verður þinglýst.

2. Veitt grunnþjónusta

- 2.1 HNLFI tekur að sér að veita eftirfarandi grunnþjónustu við eigendur/íbúa. Aðgangur að þjónustunni takmarkast við eigendur og íbúa húsanna en gildir ekki fyrir aðra, svo sem gesti. Íbúar skulu hafa íbúakort til framvísunar. Þjónusta HNLFI er veitt á opnunartíma stofnunarinnar og skal miðast við það skipulag sem er á hverjum tíma. Íbúar skulu fara eftir reglum HNLFI um umgengni. Fyrir grunnþjónustu er greitt skv. gr. 3. í samningi þessum:
 - 2.1.1 *Öryggishnappur:* Í íbúðinni er öryggishnappur til nota fyrir íbúa. Hnappurinn verður tengdur við hjúkrunarvakt HNLFI með sérstöku öryggiskerfi þegar hjúkrunarvaktin er opin. Á öðrum tímum verður hnappurinn tengdur við sambærilega þjónustu annarsstaðar. Í kerfinu skal m.a. vera beintengdur sími með hátalara og hljóðnema þannig að vaktfólk geti rætt við íbúa með öruggum og áreiðanlegum hætti í síma. Hnappar og símar skulu vera þannig staðsettir að þeir tryggi öryggi íbúa sem best. Vöktun kerfisins og svörun verður í umsjón starfsfólks HNLFI, eða þeirra sem hnappurinn verður tengdur við þegar hjúkrunarvakt er lokuð. Íbúum mun veitt aðstoð í gegnum síma og veittar almennar ráðleggingar, kallaður til vakthafandi lækni á heilsugæslustöð o.s.frv. Krefjist aðstæður þess að fara verði á staðinn eða gera ráðstafanir aðrar en hægt er að gera úr vaktherbergi hjúkrunarvaktar HNLFI greiða íbúar sérstaklega fyrir þau útköll skv. gjaldskrá.
 - 2.1.2 *Aðgangur að baðhúsi HNLFI:* Íbúar fá aðgang að baðhúsi HNLFI á auglýstum opnunartímum. Til baðhúss teljast inni- og útisundlaug, inni og útigufuböð, víxlböð og heitir pottar. Meðferðartímar sjúklinga stofnunarinnar eru lokaðir og sundlaugin ekki opin fyrir aðra á þeim tíma, en íbúar geta valið að kaupa sérstaka hóptíma í laug, sbr. 4.1.

- 2.1.3 *Aðgangur að tækjasal HNLFI:* Íbúar fá aðgang að tækjasal HNLFI á auglýstum opnunartímum stofnunarinnar. Farið skal eftir reglum og leiðbeiningum um notkun hans.
- 2.1.4 *Eftirlit næturvarðar:* HNLFI annast næturvörslu. Í næturvörslu felst að farnar eru þrjár eftirlitsferðir um svæði þjónustuíbúða við Lækjarbrún að nóttu.
- 2.1.5 *Brunaviðvörðunarkerfi:* Í íbúðunum eru reykskynjarar tengdir brunastöð HNLFI sem er staðsett í vaktherbergi hjúkrunar.
- 2.1.6 *Aðgangur að bókasafni HNLFI:* Íbúar geta á opnunartíma bókasafns notað bókasafn HNLFI.
- 2.1.7 *Aðgangur að innra starfi og fræðslu HNLFI:* Íbúum er opinn aðgangur að öllum félagslegum þáttum innra starfs HNLFI og allri fræðslu auk skipulagðra gönguferða.
- 2.1.8 *Hirðing lóða:* HNLFI sér um slátt og hirðingu allra grassvæða svo og hirðingu lóða á tveggja vikna fresti við húsin á tímabilinu frá og með júní til og með september. Yfir vetrartímam er gert ráð fyrir að lauf sé hreinsað burt eftir að lauf eru fallin og fokrusl hreinsað a.m.k. einu sinni hvern mánuð. HNLFI sér um snjómokstur á göngustígum að útidyrum húsanna.

3. Endurgjald

- 3.1 Fyrir þá grunnþjónustu sem tilgreind er í 2. gr. hér að framan skal greiða á mánuði kr. 14.600,- fyrir einstakling en kr. 21.600,- fyrir hjón. Fjárhæðirnar breytast mánaðarlega í samræmi við vísitölu neysluverðs og miðast við grunnvísitölu októbermánaðar 2010, 365,3 stig. Greiðsla hefst við afhendingu íbúðarinnar og greiðist mánaðarlega fyrirfram.
- 3.2 Lækkun á endurgjaldi vegna veikinda eða andláts. Staðfesti íbúi með læknisvottorði innlögn á sjúkrahús, hjúkrunarheimili eða á endurhæfingarstofnun verður endurgjaldið lækkað og einungis innheimt grunngjald sem er í dag kr. 8.100, á íbúð. Fjárhæðin breytist mánaðarlega í samræmi við vísitölu neysluverðs og miðast við grunnvísitölu októbermánaðar 2010, 365,3 stig. Innlögnin skal vara í a.m.k. 4 vikur samfelt. Lækkunin á einnig við um andlát. Í síðasttalda atriðinu skal íbúðin vera skráð til sölu á fasteignasölu. Lækkunin vari þó aldrei lengur en í 6 mánuði í senn og kemur eingöngu til bóu enginn í íbúðinni á sama tíma og lækkunin varir.

4. Önnur þjónusta gegn endurgjaldi

- 4.1 Íbúum stendur til boða önnur þjónusta HNLFI. Semja verður sérstaklega um þá þjónustu og endurgjald fyrir hana.

5. Breyttar forsendur.

- 5.1 Telji HNLFI að forsendur sammingsins hafi breyst vegna óvæntra breytinga á stöðu félagsins, getur stofnunin farið fram á viðræður um endurskoðun sammingsins í heild eða

hluta. HNLFI getur sagt upp samningnum og krafid íbúa um skaðabætur ef þeir brjóta gegn reglum HNLFI um umgengni.

ÞJÓNUSTUSAMNINGI ÞESSUM SKAL ÞINGLÝST Á [eign], HVERAGERÐI, FNR. [nr.]. GERT ER RÁÐ FYRIR AÐ HANS SÉ GETIÐ SÉRSTAKLEGA Á VEÐBÓKARVOTTORÐI ÁSAMT ÞINGLÝSTRI KVÖÐ UM SKILYRÐI FYRIR EIGENDASKIPTUM, EN ÞAR KEMUR MEÐAL ANNARS FRAM AÐ VIÐ EIGENDASKIPTI FASTEIGNARINNAR YFIRTEKUR NÝR EIGANDI SJÁLFKRAFA RÉTTINDI OG SKYLDUR AÐ ÞJÓNUSTUSAMNINGI ÞESSUM Í STAÐ FYRRI EIGANDA.

HNLFI varðveitir þinglýst frumrit samnings þessa.

Hveragerði, 18. janúar 2011

F.h. HNLFI

Eigandi/íbúi

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði:
